



Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin bjóða í samstarfi við UNICEF öllum leikskólum og grunnskólum á Norðurlöndum í 25 ára afmæli Barnasáttmála Sp. Afmælisins er minnst um allan heim og það veitir kjörð tilefni til að fagna réttindum og meðákvörðunarrétti barna.

Boð til hátíðarhalda í tilefni 25 ára afmælis Barnasáttmála Sp

Leikskólum og grunnskólum er því boðið að taka þátt í því að halda upp á afmælið með því að beina sjónum að réttindum barna, styðja málstaðinn með ráðum og dád og halda því á lofti að börn eru fullgildir þegnar í þjóðfélaginu, sem eiga rétt á að á þau sé hlustað og þau höfð með í ráðum.

Við vonum að þið haldið upp á 25 ára afmæli Barnasáttmála Sp þann 20. nóvember 2014 og takið þátt í því ásamt öðrum börnum og ungmennum á Norðurlöndum að beina sjónum að réttindum barna.

**Hvar?**  
Haldið verður upp á afmælið í grunnskólum og leikskólum á Norðurlöndum

**Hvenær?**  
20. nóvember 2014

**Hvernig?**  
Skólum er í sjálfvald sett hvernig þeir halda upp á 25 ára afmælið.

Á heimasíðu UNICEF er að finna skemmtilegar hugmyndir að verkefnum og leikjum, sem hægt er að sækja innblástur í. Þar eru einnig veggspjöld og annað efni sem má nota í tilefni dagsins.  
<https://www.unicef.is/barnasattmali-sameinudu-thjodanna/>

Á Norðurlöndum er löng hefð fyrir lýðræði, virkri þátttöku í þjóðfélagsmálum, lausn deilumála og mannréttindum. Í dag eru réttindi barna álitin sjálfsögð á Norðurlöndum og mörg börn velja réttindum sínum og tækifærum til áhrifa í daglegu lífi ekki sérstaklega fyrir sér. Það er í sjálfu sér góðs viti að Norðurlandabúar skuli almennt telja þessa hluti sjálfsögð grundvallaratriði í norrænu velferðarsamfélagi.

Þó er enn þörf á að ræða réttindi barna á Norðurlöndum og ýmislegt er hægt að gera til að auka aðkomu þeirra að ákvarðanatöku. Þetta á einnig við í grunnskólum og leikskólum, þar sem stutt er við námsárangur og vellíðan barna með því að virkja þau til þátttöku og áhrifa í skólastarfinu.

Sáttmáli Sp um réttindi barna – Barnasáttmálinn – er „stjórnarskrá“ fyrir börn og ungmenni heimsins, sem tryggir grundvallarréttindi allra undir 18 ára aldri. Grundvallaratriði sáttmálans eru fjögur: réttur barna til lífs og þroska, að taka eigi tillit til þess sem börnum er fyrir bestu, réttur barna til að verða ekki fyrir mismunun og rétturinn til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif. Barnasáttmálinn var samþykktur þann 20. nóvember 1989 á allsherjarþingi Sp. Hann hefur nú verið fullgiltur af 193 þjóðum.  
<https://www.unicef.is/barnasattmali-sameinudu-thjodanna>

**Norræna ráðherranefndin** er opinber samstarfsvettvangur norrænu ríkjanna fimm; Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands. Hið norræna samstarf gengur út á að gæta norrænna og svæðisbundinna hagsmuna á Norðurlöndunum sem og utan þeirra. Samstarfið er grundvallað á sameiginlegum gildum og stuðlar að sameiginlegum lausnum sem hafi sýnileg og gagnleg áhrif á almenning í löndunum.

**Norðurlandaráð** er opinber samstarfsvettvangur norrænna þingmanna. Ráðið skipa stjórnámálameinn af þjóðþingum allra Norðurlandanna, einnig Álandseyja, Færeyja og Grænlands. Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin vinna saman að norrænum lausnum sem þjóna hagsmunum almennings í löndunum.

**UNICEF**, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, eru leiðandi samtök í hjálparstarfi fyrir börn í heiminum. UNICEF kom að gerð Barnasáttmálans og heldur úti starfsemi í 193 löndum sem miðar að því að tryggja réttindi barna og fullnægja grunnþörfum þeirra, svo sem skólagöngu, aðgengi að hreinu vatni og heilbrigðisþjónustu.